

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/394**

2020/EES/62/06

frá 11. nóvember 2016

um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur vegna starfsleyfisveitingar, úttektar og mats á verðbréfamiðstöðvum, vegna samstarfs milli yfirvalda í heimaaðildarríki og gistaðildarríki, vegna samráðs yfirvalda sem taka þátt í að veita starfsleyfi fyrir viðbótarbankapjónustu, vegna aðgangs í tengslum við verðbréfamiðstöðvar og að því er varðar snið skráanna sem verðbréfamiðstöðvar skulu geyma í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 frá 23. júlí 2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar og um breytingu á tilskipunum 98/26/EB og 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 236/2012 ⁽¹⁾ og einkum 17. gr. (10. mgr.), 22. gr. (11. mgr.), 24. gr. (8. mgr.), 29. gr. (4. mgr.), 33. gr. (6. mgr.), 49. gr. (6. mgr.), 52. gr. (4. mgr.), 53. gr. (5. mgr.) og 55. gr. (8. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ákvæði þessarar reglugerðar eru nátengd þar sem þau fjalla öll um eftirlitskröfur sem varða verðbréfamiðstöðvar. Æskilegt er að fella alla tæknilega framkvæmdarstaðla sem farið er fram á í 17. gr. (10. mgr.), 22. gr. (11. mgr.), 24. gr. (8. mgr.), 29. gr. (4. mgr.), 33. gr. (6. mgr.), 49. gr. (6. mgr.), 52. gr. (4. mgr.), 53. gr. (5. mgr.) og 55. gr. (8. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 inn í eina reglugerð til að tryggja samræmi milli þessara ákvæða og til að auðvelda þeim sem bundnir eru þessum skyldum að fá heildaryfirlit yfir þau.
- 2) Allar upplýsingar sem lagðar eru fram hjá lögbæru yfirvaldi í umsókn verðbréfamiðstöðvar um starfsleyfi og einnig vegna úttektar og mats ætti að veita á varanlegum miðli.
- 3) Til að auðvelda skjóta auðkenningu upplýsinganna sem verðbréfamiðstöð leggur fram ættu öll gögn sem veitt eru lögbæra yfirvaldinu, þ.m.t. þau sem lögð eru fram með umsókn um starfsleyfi, að hafa einkvæmt tilvísunarnúmer. Upplýsingar sem lagðar eru fram í úttektar- og matsferli á starfsemi verðbréfamiðstöðva ættu að hafa að geyma nákvæma tilgreiningu á öllum breytingum á gögnunum sem lögð hafa verið fram í því ferli.
- 4) Til að greiða fyrir samvinnu milli yfirvalda þegar starfsemi verðbréfamiðstöðva nær yfir landamæri eða þær koma á fót útibúum er nauðsynlegt að kveða á um samhæfða staðla, eyðublöð og verklagsreglur um slíka samvinnu.
- 5) Til að yfirvöld sem hafa heimild til aðgangs að skráum verðbréfamiðstöðva í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 909/2014 geti sinnt skyldum sínum á skilvirknan og samræmdan hátt ættu þau að fá gögn sem eru sambærileg á milli verðbréfamiðstöðva. Auk þess ætti notkun sameiginlegra sniða þvert á mismunandi innviði fjármálamarkaða að ýta undir víðtækari notkun þessara sniða af hálfu margskonar markaðsaðila og stuðla þannig að stöðlun. Stöðluð ferli og gagnasnið hjá verðbréfamiðstöðvum ættu einnig að minnka kostnað markaðsaðila og auðvelda starf eftirlitsaðila og stjórnvalda.
- 6) Til að tryggja samræmt skráhald ættu allir lögaðilar sem nota þjónustu verðbréfamiðstöðvar að vera auðkenndir með einkvæmum kóða og skal til þess nota auðkenni lögaðila (LEI). Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1247/2012 ⁽²⁾ er þegar krafist notkunar auðkennis lögaðila (LEI) og einnig ætti að gera kröfu um það í tengslum við skráhald verðbréfastöðva. Verðbréfamiðstöðvar ættu aðeins að nota lokað snið (e. *proprietary format*) í innri ferlum en við skýrslugjöf og veitingu upplýsinga til lögbærra yfirvalda ætti að breyta innri kóðum á viðeigandi hátt

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 65, 10.3.2017, bls. 145. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 20/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 48, 16.7.2020, bls. 36.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 1.

⁽²⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1247/2012 frá 19. desember 2012 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar framsetningu og tíðni skýrslna um viðskipti til afleiðuviðskiptaskráa samkvæmt reglugerð þingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrá (Stjttíð. ESB. L 352, 21.12.2012, bls. 20).

yfir í alþjóðlega viðurkennda staðla á borð við auðkenni lögaðila (LEI). Reikningseigendur sem ekki eru þátttakendur í verðbréfauppgjörskerfum sem verðbréfamiðstöðvar reka, t.d. þar sem um er að ræða beint verðbréfavörslukerfi, og viðskiptavinum þátttakenda í verðbréfauppgjörskerfum sem verðbréfamiðstöðvar reka ætti áfram að mega auðkenna með landsbundnum kennimerkjum ef þau eru tiltæk.

- 7) Til að tryggja samræmda nálgun á vinnslu kvartana vegna aðgangs þátttakenda að verðbréfamiðstöðvum, aðgangs útgefenda að verðbréfamiðstöðvum, aðgangs milli verðbréfamiðstöðva og aðgangs milli verðbréfamiðstöðvar og annars rekstraraðila markaðsinnviða ætti að nota stöðluð eyðublöð og sniðmát þar sem tilgreind er sú greinda áhætta og það mat á greindri áhættu sem réttlætir synjun á aðgangi.
- 8) Nauðsynlegt er að kveða á um skilvirkt og skipulegt samráðsferli til að greiða fyrir samráði lögbærs yfirvalds verðbréfamiðstöðvar og annarra viðkomandi yfirvalda eins og um getur í reglugerð (ESB) nr. 909/2014 áður en starfsleyfi til að veita viðbótarbankaþjónustu er veitt eða synjað. Til að greiða fyrir tímanlegri samvinnu hlutaðeigandi yfirvalda og gera hverju þeirra kleift að veita rökstutt álit á umsókninni ættu skjöl og gögn sem tengjast umsókn að byggjast á sameiginlegum sniðmátum.
- 9) Í því skyni að tryggja réttarvissu og samkvæmni í beitingu laganna ættu vissar kröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð varðandi ráðstafanir í tengslum við aga í uppgjöri að koma til framkvæmda frá og með gildistökudegi þessara ráðstafana.
- 10) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 11) Í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 909/2014 hefur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin starfað í náinni samvinnu við aðila Seðlabankakerfis Evrópu við að semja drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlum sem þessi reglugerð byggist á. Í samræmi við 15. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽¹⁾ hafði Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin opið samráð við almenning áður en hún lagði fram drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan kostnað og ávinning þar að lútandi og óskað eftir áliti hagsmunahóps á verðbréfamarkaði sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

STARFSLEYFI VERÐBRÉFAMIÐSTÖÐVAR

(Ákvæði 10. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014)

1. gr.

Stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklag vegna umsóknar

1. Verðbréfamiðstöð sem sækir um starfsleyfi í samræmi við 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 („verðbréfamiðstöð sem sækir um“) skal leggja fram umsókn sína á varanlegum miðli eins og hann er skilgreindur í g-lið 1. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/392 ⁽²⁾ með því að fylla út staðlað eyðublað og sniðmát sem er að finna í I. viðauka.
2. Verðbréfamiðstöð sem sækir um skal afhenda lögbæra yfirvaldinu lista yfir öll skjöl sem lögð eru fram sem hluti af umsókn hennar um starfsleyfi og skal sá listi tilgreina eftirfarandi upplýsingar:
 - a) einkvæmt tilvísunarnúmer hvers skjals,
 - b) titil hvers skjals,
 - c) kafla, hluta eða blaðsíðu hvers skjals þar sem viðkomandi upplýsingar er að finna.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjttíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/392 frá 11. nóvember 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 909/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um starfsleyfi, eftirlitskröfur og rekstrarlegar kröfur fyrir verðbréfamiðstöðvar (Stjttíð. ESB L 65, 10.3.2017, bls. 48).

3. Allar upplýsingar skulu lagðar fram á því tungumáli sem lögbæra yfirvaldið tilgreinir. Lögbæru yfirvaldi er heimilt að fara fram á við verðbréfamiðstöðina að hún leggi fram sömu upplýsingar á tungumáli sem venja er að nota í alþjóðafjármálageiranum.

4. Verðbréfamiðstöð sem sækir um og hefur tengsl af einhverju því tagi sem um getur í 6. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, skal afhenda lögbæra yfirvaldinu lista yfir lögbær yfirvöld sem hafa skal samráð við, þ.m.t. tengiliði hjá þessum yfirvöldum.

II. KAFLI

ÚTTEKT OG MAT

(Ákvæði 11. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014)

2. gr.

Stöðluð eyðublað og sniðmát til upplýsingagjafar

1. Verðbréfamiðstöðin skal veita þær upplýsingar sem um getur í 40. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/392 á varanlegum miðli.

2. Upplýsingar sem verðbréfamiðstöð veitir skulu lagðar fram á því staðlaða eyðublaði og sniðmátum sem er að finna í II. viðauka og, eftir atvikum, sniðmátinu í töflu 2 í I. viðauka. Sé sniðmátið í töflu 2 í I. viðauka notað skal vera í því viðbótardálkur sem tilgreinir þann kafla, hluta eða blaðsíðu skjalsins þar sem breytingar voru gerðar á úttektartímabilinu og annan viðbótardálg fyrir útskýringar í tengslum við breytingar sem gerðar voru á úttektartímabilinu.

3. gr.

Verklag upplýsingagjafar

1. Lögbæra yfirvaldið skal miðla eftirfarandi upplýsingum til verðbréfamiðstöðvarinnar:

- a) tíðni og umfang úttektar og mats, eins og um getur í 4. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014,
- b) upphafs- og lokadagur úttektartímabils eins og um getur í 40. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 2017/392,
- c) tungumál sem allar upplýsingar skulu lagðar fram á. Lögbæru yfirvaldi er heimilt að fara fram á við verðbréfamiðstöðina að hún leggi fram sömu upplýsingar á tungumáli sem venja er að nota í alþjóðafjármálageiranum.

Lögbæra yfirvaldið skal án ótilhlýðilegrar tafar tilkynna verðbréfamiðstöðinni um allar breytingar í tengslum við þær upplýsingar sem um getur í fyrstu undirgrein, að meðtöldum beiðnum um tíðari afhendingu tiltekinna upplýsinga.

2. Verðbréfamiðstöðin skal veita þær upplýsingar sem um getur í 2. mgr. 40. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/392 innan tveggja mánaða frá lokum úttektartímabils.

4. gr.

Upplýsingagjöf til yfirvalda sem um getur í 7. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014

1. Að lokinni úttekt og mati skal lögbæra yfirvaldið, innan þriggja virkra daga, upplýsa þau yfirvöld sem um getur í 7. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 um niðurstöður sínar eins og tilgreint er í 44. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/392.

2. Gefi úttekt og mat tilefni til úrbóta eða beitingu viðurlaga skal lögbært yfirvald tilkynna þeim yfirvöldum sem um getur í 1. mgr. um slíka ráðstöfun innan þriggja virkra daga frá því að hún er gerð.
3. Yfirvöldin sem um getur í 1. mgr. skulu koma sér saman um vinnutungumál til upplýsingaskipta en sé slíkt samkomulag ekki fyrir hendi skal vinnutungumálið vera það tungumál sem venja er að nota í alþjóðafjármálageiranum.

5. gr.

Upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda

1. Við eftirlit með verðbréfamiðstöð sem hefur tengsl eins og um getur í a-, b- og c-lið 6. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 skal lögbært yfirvald, áður en hver úttekt og mat fer fram, uppfæra listann sem um getur í 4. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar að því er varðar önnur lögbær yfirvöld sem koma skulu að úttektinni og matinu, þ.m.t. tengiliði þessara yfirvalda, og deila þeim lista með öllum þeim yfirvöldum.
2. Lögbæra yfirvaldið skal veita lögbæru yfirvöldunum á listanum sem um getur í 1. mgr. þær upplýsingar sem um getur í 1. mgr. 45. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/392 innan 30 virkra daga frá þeim degi sem þær upplýsingar liggja fyrir.
3. Lögbæru yfirvöldin á listanum sem um getur í 1. mgr. skulu innan 30 virkra daga frá þeim tímamörkum sem um getur í 2. mgr. senda lögbæra yfirvaldinu sem veitti upplýsingarnar mat sitt á þeim.
4. Innan þriggja virkra daga frá lokum úttektar og mats sem um getur í 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, samkvæmt tilkynningu lögbæra yfirvaldsins til lögbæru yfirvaldanna á listanum sem um getur í 1. mgr., skal lögbæra yfirvaldið greina lögbæru yfirvöldunum á listanum sem um getur í 1. mgr. frá niðurstöðum sínum eins og tilgreint er í 2. mgr. 45. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/392.
5. Yfirvöldin sem um getur í 1.–4. mgr. skulu koma sér saman um vinnutungumál til upplýsingaskipta, en sé slíkt samkomulag ekki fyrir hendi skal vinnutungumálið vera það tungumál sem venja er að nota í alþjóðafjármálageiranum.

III. KAFLI

SAMSTARFSFYRIRKOMULAG

(Ákvæði 8. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014)

6. gr.

Almennar kröfur um samstarfsfyrirkomulag

1. Lögbært yfirvald í heimaaðildarríki og lögbært yfirvald í gístaðildarríki skulu koma sér saman um vinnutungumál í samstarfi sínu en sé slíkt samkomulag ekki fyrir hendi skal vinnutungumálið vera það tungumál sem venja er að nota í alþjóðafjármálageiranum.
2. Hvert lögbært yfirvald skal skipa fyrsta og annan tengilið, deila samskiptaupplýsingum þeirra með öðrum lögbærum yfirvöldum og upplýsa þau um allar breytingar þar á.

7. gr.

Eftirlit með útibúi

1. Hafi verðbréfamiðstöð með starfsleyfi í einu aðildarríki opnað útibúi í öðru aðildarríki skulu lögbæra yfirvaldið í heimaaðildarríkinu og lögbæra yfirvaldið í gístaðildarríkinu nota eyðublaðið og sniðmátið í töflu I í III. viðauka til upplýsingaskipta.

2. Lögbært yfirvald sem óskar eftir viðbótarupplýsingum frá öðru lögbæru yfirvaldi skal gera því grein fyrir því hvaða starfsemi verðbréfamiðstöðvarinnar réttlætir slíka beiðni.

8. gr.

Vettvangsskoðun á útibúi

1. Áður en lögbær yfirvöld í heima- og gístaðildarríkjum framkvæma vettvangsskoðanir eins og um getur í 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 skulu þau koma sér saman um forsendur og umfang vettvangsskoðunarinnar, þ.m.t. eftirfarandi:

- a) hlutverk og ábyrgðarsvið,
- b) ástæður vettvangsskoðunar.

2. Lögbær yfirvöld heima- og gístaðildarríkja skulu upplýsa hvert annað um vettvangsskoðanir á útibúi verðbréfamiðstöðvar í gístaðildarríki í samræmi við 1. mgr. og nota til þess sniðmátið í töflu 2 í III. viðauka.

9. gr.

Upplýsingaskipti um starfsemi verðbréfamiðstöðvar í gístaðildarríki

1. Beiðni um upplýsingar sem um getur í 3. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 skal senda lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríki með bréfi eða tölvupósti og skal hafa að geyma útskýringu á mikilvægi upplýsinganna fyrir starfsemi viðkomandi verðbréfamiðstöðvar í gístaðildarríki.

2. Lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins skal, án ótilhlýðilegrar tafar, senda þær upplýsingar sem um getur í 3. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 með bréfi eða tölvupósti og nota til þess sniðmátið í töflu 3 í III. viðauka.

10. gr.

Brot verðbréfamiðstöðvar á skuldbindingum

1. Að því er varðar fyrstu undirgrein 5. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 skal lögbært yfirvald í gístaðildarríki skila niðurstöðum sínum um brot verðbréfamiðstöðvar til lögbærs yfirvalds í heimaaðildarríki og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og nota til þess sniðmátið í töflu 4 í III. viðauka.

2. Lögbæra yfirvaldið í heimaaðildarríkinu skal fara yfir niðurstöður lögbæra yfirvaldsins í gístaðildarríkinu og tilkynna því yfirvaldi um þær ráðstafanir sem það hyggst gera til að taka á tilgreindum brotum.

3. Sé málinu vísað til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar í samræmi við þriðju undirgrein 5. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 skal lögbæra yfirvaldið sem það gerir veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni allar viðeigandi upplýsingar.

IV. KAFLI

SKRÁAHALD

(Ákvæði 4. mgr. 29. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014)

11. gr.

Snið skráa

1. Verðbréfamiðstöð skal varðveita þær skrár sem um getur í 54. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/392, um öll viðskipti, uppgjörsfyrirmæli og fyrirmæli um uppgjörstakmarkanir sem hún afgreiðir, á því sniði sem er sett fram í töflu 1 í IV. viðauka þessarar reglugerðar.

2. Verðbréfamiðstöð skal varðveita þær skrár sem um getur í 55. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/392, um stöður sem samsvara öllum verðbréfareikningum sem hún heldur utan um, á því sniði sem er sett fram í töflu 2 í IV. viðauka.

3. Verðbréfamistöð skal varðveita þær skrár sem um getur í 1. mgr. 56. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/392, um þá viðbótarþjónustu sem hún veitir, á því sniði sem er sett fram í töflu 3 í IV. viðauka.
4. Verðbréfamistöð skal varðveita þær skrár sem um getur í 57. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/392, um starfsemi sem varðar viðskipti hennar og innra skipulag, á því sniði sem er sett fram í töflu 4 í IV. viðauka.
5. Í upplýsingagjöf til yfirvalda skal verðbréfamistöð nota auðkenni lögaðila (LEI) til að auðkenna eftirfarandi í skráum sínum:
 - a) verðbréfamistöð,
 - b) þátttakendur í verðbréfamistöð,
 - c) uppgjörsbanka,
 - d) útgefendur sem verðbréfamistöð veitir þá kjarnaþjónustu sem um getur í 1. og 2. lið A-þáttar viðaukans við reglugerð (ESB) nr. 909/2014.
6. Verðbréfamistöð skal nota auðkenni lögaðila (LEI) eða auðkenniskóða banka (BIC) eða önnur tiltæk form auðkenningar fyrir lögaðila til að tilgreina viðskiptavini þátttakenda í skráum sínum, séu þeir kunnir verðbréfamistöðinni.
7. Í því skyni að auðkenna í skráum sínum viðskiptavini þátttakenda sem eru kunnir verðbréfamistöðinni er henni heimilt að nota öll tiltæk auðkenni sem gera kleift að auðkenna einstaklinga einkvæmt á landsvísu.
8. Í þeim gögnum sem verðbréfamistöð varðveitir skal hún nota ISO-kóðana sem um getur í IV. viðauka.
9. Verðbréfamistöð er heimilt að nota lokað snið (e. *proprietary format*) en þó einungis ef því má breyta án ótilhlýðilegrar tafar í opið snið (e. *open format*) sem byggist á alþjóðlegum, opnum samskiptaferlum og -stöðlum fyrir skeytasendingar og tilvísunargögn (e. *reference data*), í þeim tilgangi að gera eigin gögn aðgengileg yfirvöldum í samræmi við 2. mgr. 29. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.
10. Verðbréfamistöð skal samkvæmt beiðni veita lögbæru yfirvaldi þær upplýsingar sem um getur í 54. og 55. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/392 með beinu gagnastreymi (e. *direct data feed*). Veita skal verðbréfamistöð nægjanlegan tíma til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að bregðast við slíkri beiðni.

V. KAFLI

AÐGANGUR

(Ákvæði 33. gr. (6. mgr.), 49. gr. (6. mgr.), 52. gr. (4. mgr.) og 53. gr. (5. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 909/2014)

12. gr.

Stöðluð eyðublöð og sniðmát fyrir aðgangsfæri

1. Verðbréfamistöð sem æskir aðgang og aðrir aðilar sem æskja aðgang skulu nota sniðmátið í töflu 1 í V. viðauka við þessa reglugerð til að leggja fram beiðni um aðgang skv. 1. mgr. 52. gr. og 2. mgr. 53. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.
2. Viðtökuverðbréfamistöð og aðrir viðtökuaðilar skulu nota sniðmátið í töflu 2 í V. viðauka við þessa reglugerð við að veita aðgang að fenginni beiðni þar um skv. 1. mgr. 52. gr. og 2. mgr. 53. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.
3. Verðbréfamistöð skal nota sniðmátið í töflu 3 í V. viðauka við þessa reglugerð til að synja um aðgang í samræmi við 33. gr. (3. mgr.), 49. gr. (4. mgr.), 52. gr. (2. mgr.) og 53. gr. (3. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.
4. Miðlægur mótaðili eða viðskiptavettvangur skal nota sniðmátið í töflu 4 í V. viðauka við þessa reglugerð til að synja um aðgang í samræmi við 3. mgr. 53. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.
5. Aðili sem æskir aðgang skal nota sniðmátið í töflu 5 í V. viðauka við þessa reglugerð til að leggja fram kvörtun til lögbærs yfirvalds verðbréfastöðvar sem hefur synjað um aðgang í samræmi við 33. gr. (3. mgr.), 49. gr. (4. mgr.), 52. gr. (2. mgr.) og 53. gr. (3. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.
6. Verðbréfamistöð skal nota sniðmátið í töflu 6 í V. viðauka við þessa reglugerð til að leggja fram kvörtun til lögbærs yfirvalds miðlægs mótaðila eða viðskiptavettvangs sem hefur synjað um aðgang að miðlæga mótaðilanum eða viðskiptavettvanginum í samræmi við 3. mgr. 53. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.

7. Lögbær yfirvöld sem um getur í 5. og 6. mgr. skulu nota sniðmátið í töflu 7 í V. viðauka þegar þau hafa samráð við eftirfarandi yfirvöld um mat þeirra á kvörtuninni, eins og við á:

- a) lögbært yfirvald á staðfestustað þátttakanda sem æskir aðgangs, í samræmi við fjórðu undirgrein 3. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014,
- b) lögbært yfirvald á staðfestustað útgefanda sem sækir um, í samræmi við fjórðu undirgrein 4. mgr. 49. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014,
- c) lögbært yfirvald verðbréfamiðstöðvar sem æskir aðgangs og viðeigandi yfirvald verðbréfamiðstöðvar sem æskir aðgangs sem um getur í a-lið 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, í samræmi við fimmtu undirgrein 2. mgr. 52. gr. þeirrar reglugerðar,
- d) lögbært yfirvald verðbréfamiðstöðvar eða viðskiptavettvangs sem æskir aðgangs, í samræmi við fjórðu undirgrein 3. mgr. 53. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.

Þau yfirvöld sem um getur a- til d-lið skulu nota sniðmátið í töflu 8 í V. viðauka til að setja fram svör sín í samráðinu sem um getur í þessari málsgrein.

8. Þau yfirvöld sem um getur í a- til d-lið 7. mgr. skulu nota sniðmátið í töflu 8 í V. viðauka við þessa reglugerð ef eitthvert þeirra ákveður að vísa málinu til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar í samræmi við 33. gr. (fjórðu undirgrein 3. mgr.), 49. gr. (fjórðu undirgrein 4. mgr.), 52. gr. (fimmtu undirgrein 2. mgr.) eða 53. gr. (fjórðu undirgrein 3. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.

9. Þau lögbæru yfirvöld sem um getur í 5. og 6. mgr. skulu veita aðilanum sem æskir aðgangs rökstutt svar á því sniði sem sett er fram í töflu 9 í V. viðauka.

10. Þau yfirvöld sem um getur í 7. og 8. mgr. og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skulu, að því er varðar 9. mgr., koma sér saman um vinnutungumál þeirra samskipta sem um getur í 7., 8. og 9. mgr. Sé ekkert samkomulag fyrir hendi skal vinnutungumálið vera það tungumál sem er venja að nota í alþjóðafjármálageiranum.

VI. KAFLI

FERLI STARFSLEYFISUMSÓKNAR TIL AÐ VEITA VIÐBÓTARBANKAÞJÓNUSTU OG LOKAÁKVÆÐI

13. gr.

Listi yfir yfirvöld

Við móttöku starfsleyfisumsóknar eins og um getur í 2. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 skal lögbært yfirvald tilgreina þau yfirvöld sem um getur í 4. mgr. 55. gr. þeirrar reglugerðar og gera lista yfir þau.

14. gr.

Sending upplýsinga og beiðni um rökstutt álit

1. Lögbært yfirvald skal senda beiðni um rökstutt álit eins og um getur í 5. mgr. 55. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 til þeirra yfirvalda sem um getur í a- til e-lið 4. mgr. 55. gr. þeirrar reglugerðar og nota til þess sniðmátið í 1. þætti VI. viðauka við þessa reglugerð.

2. Vegna hvernar sendingar sem um getur í 4. mgr. 55. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og beiðni sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skal hvert yfirvald sem um getur í a- til e-lið 4. mgr. 55. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 þegar í stað eftir móttöku upplýsinganna staðfesta með tölvupósti til lögbæra yfirvaldsins sem sendi þær, að þær hafi borist.

3. Berist ekki staðfesting á móttöku í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar skal lögbæra yfirvaldið sjálf hafa samband við yfirvöldin sem um getur í a- til e-lið 4. mgr. 55. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 til að ganga úr skugga um að þau hafi fengið þær upplýsingar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

15. gr.

Rökstutt álit og rökstudd ákvörðun

1. Þau yfirvöld sem um getur í a- til e-lið 4. mgr. 55. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 skulu veita lögbæra yfirvaldinu rökstutt álit sitt og nota til þess sniðmátið í 2. þætti VI. viðauka við þessa reglugerð.
2. Veiti a.m.k. eitt þeirra yfirvalda sem um getur í a- til e-lið 4. mgr. 55. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 neikvætt, rökstutt álit og lögbæra yfirvaldið, sem hyggst veita starfsleyfið, kunngerir þessum yfirvöldum rökstudda ákvörðun eins og um getur í annarri undirgrein 5. mgr. 55. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 skal lögbæra yfirvaldið nota til þess sniðmátið í 3. þætti VI. viðauka við þessa reglugerð.

16. gr.

Starfsleyfi veitt þrátt fyrir neikvætt rökstutt álit

1. Ákveði eitthvert þeirra yfirvalda sem um getur í a- til e-lið 4. mgr. 55. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 að vísa til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar rökstuddri ákvörðun lögbærs yfirvalds, sem hyggst veita starfsleyfi, í samræmi við þriðju undirgrein 5. mgr. 55. gr. þeirrar reglugerðar skal yfirvaldið sem vísar málinu þannig til stofnunarinnar nota til þess sniðmátið í 4. þætti VI. viðauka við þessa reglugerð.
2. Yfirvaldið sem vísar málinu til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar skal veita henni allar upplýsingar sem lögbæra yfirvaldið veitti í samræmi við 4. mgr. 55. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 auk þeirra rökstuddu álita sem yfirvöldin veittu í samræmi við fyrstu undirgrein 5. mgr. 55. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og þeirrar rökstuddu ákvörðunar sem lögbæra yfirvaldið tók í samræmi við aðra undirgrein 5. mgr. 55. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.
3. Yfirvaldið sem vísar málinu þannig til stofnunarinnar skal án ótilhlýðilegrar tafar senda þeim yfirvöldum sem um getur í a- til e-lið 4. mgr. 55. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 afrit af öllum þeim upplýsingum sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar.

17. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 1. mgr. 11. gr. skulu koma til framkvæmda frá og með gildistökudegi framseldu gerðanna sem framkvæmdastjórnin samþykkti skv. 5. mgr. 6. gr. og 15. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, eftir því hvort kemur síðar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. nóvember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Eyðublað og sniðmát fyrir starfsleyfisumsókn verðbréfamiðstöðvar

(Ákvæði 10. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014)

Tafla 1

Almennar upplýsingar

Tegund upplýsinga	Snið
Umsóknardagur	ISO 8601 dagsetning á sniðinu ÁÁÁÁ-MM-DD
Firmaheiti verðbréfamiðstöðvar sem sækir um	Eigin texti
Auðkenning verðbréfamiðstöðvar sem sækir um	ISO 17442 auðkenni lögaðila (LEI), 20 alstafa kóði
Skráð heimilisfang verðbréfamiðstöðvar sem sækir um	Eigin texti
Verðbréfauppgjörskerfi sem verðbréfamiðstöð sem sækir um rekur eða hyggst reka	Eigin texti
Samskiptaupplýsingar einstaklings sem ber ábyrgð á umsókninni (nafn, staða, símanúmer og tölvupóstfang)	Eigin texti
Samskiptaupplýsingar einstaklings eða einstaklinga sem stjórna innra eftirliti og regluvörslu verðbréfamiðstöðvar sem sækir um (nafn, staða, símanúmer og tölvupóstfang)	Eigin texti
Listi yfir öll skjöl sem verðbréfamiðstöð sem sækir um veitir með einkvæmum tilvísunarnúmerum	Eigin texti

Tafla 2

Tilvísanir í skjöl

Umfang upplýsinga sem leggja skal fram í samræmi við sértækar kröfur í framseldu gerðinni í tengslum við tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina upplýsingar í starfsleyfisumsóknum verðbréfamiðstöðva og samþykktir eru skv. 9. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014	Einkvæmt tilvísunarnúmer skjals	Titill skjals	Kafla, hluti eða blaðsíða skjals þar sem upplýsingar eru veittar eða ástæða þess að upplýsingar eru ekki veittar
--	---------------------------------	---------------	--

A. Almennar upplýsingar um verðbréfamiðstöð sem sækir um (Ákvæði 4.–7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/392)**Auðkenning og félagsform verðbréfamiðstöðvar (Ákvæði 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/392)**

Í umsókn um starfsleyfi sem lögð er fram í samræmi við 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 skal tilgreina á skýran hátt aðilann sem sækir um og þá starfsemi og þjónustu sem hann hyggst sinna.

Firmaheiti verðbréfamiðstöðvar sem sækir um, auðkenni lögaðila (LEI) og lögheimili hennar í Sambandinu			
Stofnsamningur og samþykktir og önnur stofnskjöl og lögboðin gögn			
Útdráttur úr viðkomandi fyrirtækjaskrá eða dómabók, eða annars konar vottun á lögheimili og atvinnustarfsemi verðbréfamiðstöðvar sem sækir um, sem er í gildi á umsóknardegi			

Umfang upplýsinga sem leggja skal fram í samræmi við sértækar kröfur í framseldu gerðinni í tengslum við tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina upplýsingar í starfsleyfisumsóknum verðbréfamiðstöðva og samþykktir eru skv. 9. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014	Einkvæmt tilvísunarnúmer skjals	Titill skjals	Kafli, hluti eða blaðsíða skjals þar sem upplýsingar eru veittar eða ástæða þess að upplýsingar eru ekki veittar
Verðbréfauppgjörskerfi sem verðbréfamiðstöðin sem sækir um rekur eða hyggst reka,			
Afrif af ákvörðun stjórnar um umsóknina og fundargerð fundar þar sem stjórnin samþykkti umsóknargögnin og framlagningu þeirra			
Samskiptaupplýsingar einstaklings sem ber ábyrgð á umsókninni			
Skýringarmynd sem sýnir eignatengsl móðurfélags, dótturfélaga og allra annarra tengdra lögaðila (e. <i>associated entities</i>) eða útibúa; aðilarnir sem sýndir eru á myndinni skulu auðkenndir með fullu firmaheiti ásamt félagsformi, lögheimili og skattnúmeri eða skráningarnúmeri fyrirtækis			
Lýsing á atvinnustarfsemi dótturfélaga verðbréfamiðstöðvar sem sækir um og annarra lögaðila sem verðbréfamiðstöðin sem sækir um á hlutdeild í, þ.m.t. upplýsingar um stærð hlutdeildar			
<p>Listi með:</p> <ul style="list-style-type: none"> i. nafni hvers einstaklings eða aðila sem á beint eða óbeint 5% eða meira af hlutafé eða atkvæðisrétti í verðbréfamiðstöðinni sem sækir um, ii. nafni hvers einstaklings eða aðila sem gæti haft veruleg áhrif á stjórnun verðbréfamiðstöðvarinnar sem sækir um gegnum eign sína í hlutafé hennar 			
<p>Listi með:</p> <ul style="list-style-type: none"> i. nafni hvers aðila sem verðbréfamiðstöðin sem sækir um á 5% eða meira af hlutafé eða atkvæðisrétti í, ii. nafni hvers aðila sem verðbréfamiðstöðin sem sækir um hefur veruleg áhrif á stjórnun hjá, í ljósi eignarhlutar verðbréfamiðstöðvarinnar sem sækir um í hlutafé aðilans 			
Listi yfir kjarnaþjónustu sem talin er upp í A-þætti viðaukans við reglugerð (ESB) nr. 909/2014, sem verðbréfamiðstöð sem sækir um veitir eða hyggst veita,			
Listi yfir viðbótarþjónustu, sem talin er upp sérstaklega í B-þætti viðaukans við reglugerð (ESB) nr. 909/2014 og verðbréfamiðstöð sem sækir um veitir eða hyggst veita			
Listi yfir aðra viðbótarþjónustu sem er heimil samkvæmt, en ekki talin upp sérstaklega í B-þætti viðaukans við reglugerð (ESB) nr. 909/2014, og verðbréfamiðstöð sem sækir um veitir eða hyggst veita			

Umfang upplýsinga sem leggja skal fram í samræmi við sértækar kröfur í framseldu gerðinni í tengslum við tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina upplýsingar í starfsleyfissóknnum verðbréfamiðstöðva og samþykktir eru skv. 9. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014	Einkvæmt tilvísunarnúmer skjals	Titill skjals	Kafli, hluti eða blaðsíða skjals þar sem upplýsingar eru veittar eða ástæða þess að upplýsingar eru ekki veittar
Listi yfir fjárfestingarþjónustu og starfsemi sem fellur undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB ⁽¹⁾ en er ekki sérstaklega talin upp í B-þætti viðauka við reglugerð (ESB) nr. 909/2014 og verðbréfamiðstöðin sem sækir um veitir eða hyggst veita			
Listi yfir þjónustu sem verðbréfamiðstöðin sem sækir um útvistar eða hyggst útvista til þriðja aðila í samræmi við 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014			
Gjaldmiðill eða gjaldmiðlar sem verðbréfamiðstöðin sem sækir um afgreiðir eða hyggst afgreiða í tengslum við þjónustu sem hún veitir, óháð því hvort peningalegt uppgjör fer fram gegnum reikning hjá seðlabanka, reikning hjá verðbréfamiðstöð eða reikning hjá tilgreindri lánastofnun			
Upplýsingar um öll yfirstandandi og lokin dómsmál, einkamál, stjórnsmál, gerðardómsmál eða önnur málaferli sem verðbréfamiðstöðin sem sækir um er aðili að og sem gætu valdið henni fjárhagslegum eða öðrum kostnaði			

Hyggist verðbréfamiðstöðin sem sækir um veita kjarnaþjónustu eða setja á stofn útibú í samræmi við 2. mgr. 23. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 skal veita eftirfarandi upplýsingar:

Aðildarríkið eða aðildarríkin þar sem verðbréfamiðstöð sem sækir um hyggst starfa			
Starfsáætlun sem tilgreinir einkum þá þjónustu sem verðbréfamiðstöðin sem sækir um veitir eða hefur í hyggju að veita í gístaðildarríkinu			
Gjaldmiðill eða gjaldmiðlar sem verðbréfamiðstöðin sem sækir um afgreiðir eða hyggst afgreiða í gístaðildarríkinu eða gístaðildarríkjunum			
Ef þjónustan verður veitt gegnum útibú, skipulag útibúsins og nöfn þeirra sem bera ábyrgð á stjórnun þess			
Þar sem við á, mat á ráðstöfununum sem verðbréfamiðstöð sem sækir um hyggst gera til að gera notendum sínum kleift að hlíta landslögum eins og um getur í 1. mgr. 49. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014			
Þar sem við á, lýsing á þjónustu eða starfsemi sem verðbréfamiðstöðin sem sækir um útvistar til þriðja aðila í samræmi við 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014			

Stefnur og verklagsreglur um hlúni (Ákvæði 5. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/392)

Starfsheiti þeirra einstaklinga sem bera ábyrgð á samþykki og framkvæmd á stefnum og verklagsreglum,			
--	--	--	--

Umfang upplýsinga sem leggja skal fram í samræmi við sértækar kröfur í framseldu gerðinni í tengslum við tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina upplýsingar í starfsleyfisumsóknum verðbréfamiðstöðva og samþykktir eru skv. 9. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014	Einkvæmt tilvísunarnúmer skjals	Titill skjals	Kafli, hluti eða blaðsíða skjals þar sem upplýsingar eru veittar eða ástæða þess að upplýsingar eru ekki veittar
Lýsing á ráðstöfunum til framkvæmdar á, og eftirlits með hlífni við stefnur og verklagsreglur			
Lýsing á verklagsreglum sem verðbréfamiðstöðin sem sækir um kemur á í samræmi við þá tilhögun sem komið er á í samræmi við 65. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014			

Þjónusta og starfsemi verðbréfamiðstöðvar (Ákvæði 6. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/392)

Ítarlegar lýsingar á þjónustu og starfsemi, auk verklagsreglna sem beita á við að veita þjónustu og í starfsemi verðbréfamiðstöðvar sem sækir um:

Kjarnaþjónusta sem tilgreind er í A-þætti viðauka við reglugerð (ESB) nr. 909/2014			
Viðbótarþjónusta sem sérstaklega er talin upp í B-þætti viðauka við reglugerð (ESB) nr. 909/2014			
Önnur viðbótarþjónusta sem er heimil en ekki sérstaklega talin upp í B-þætti viðauka við reglugerð (ESB) nr. 909/2014			
Fjárfestingarþjónusta og starfsemi sem falla undir tilskipun 2014/65/ESB sem um getur í liðnum hér að ofan			

Upplýsingar um samstæður (Ákvæði 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/392)

Stefnur og verklagsreglur sem um getur í 7. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014			
Upplýsingar um samsetningu framkvæmdastjórnar, stjórnar og hluthafasamsetningu móðurfélags eða annarra félaga í samstæðunni			
Þjónusta og lykileinstaklingar, aðrir en æðstu stjórnendur, sem gegna hlutverkum sem verðbréfamiðstöðin sem sækir um deilir með öðrum félögum í samstæðunni.			

Sé um að ræða móðurfélag verðbréfamiðstöðvarinnar skal veita eftirfarandi upplýsingar:

Lögheimili móðurfélagsins			
Upplýsingar um hvort móðurfélagið hafi starfsleyfi eða sé skráð og eftirlitsskytt samkvæmt lögum Sambandsins eða þriðja lands			
Ef við á, viðkomandi skráningarnúmer og heiti yfirvalds eða yfirvalda sem eru lögber til eftirlits með móðurfélaginu			

Umfang upplýsinga sem leggja skal fram í samræmi við sértækar kröfur í framseldu gerðinni í tengslum við tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina upplýsingar í starfsleyfisumsóknum verðbréfamiðstöðva og samþykktir eru skv. 9. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014	Einkvæmt tilvísunarnúmer skjals	Titill skjals	Kafli, hluti eða blaðsíða skjals þar sem upplýsingar eru veittar eða ástæða þess að upplýsingar eru ekki veittar
Hafi verðbréfamiðstöðin sem sækir um gert samning við félag innan samstæðunnar sem veitir þjónustu sem tengist þjónustu sem verðbréfamiðstöðin veitir skal fylgja lýsing á og afrit af þeim samningi			

B. Fjármagn til þjónustustarfsemi verðbréfamiðstöðvar sem sækir um (Ákvæði 8. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/392)

Reikningsskil, viðskiptaáætlun og endurreisnaráætlun (Ákvæði 8. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/392)

Reikningsskil, þ.m.t. heildarreikningsskil næstliðinna þriggja ára og lögboðin áritun endurskoðanda á ársreikningum og samstæðureikningum í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB (2), fyrir næstliðin þrjú ár			
Heiti og innlent skráningarnúmer ytri endurskoðanda			
Viðskiptaáætlun, þ.m.t. fjármögnunaráætlun og fjárhagsáætlun þar sem gert er ráð fyrir mismunandi viðskiptasviðsmyndum fyrir þjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar, yfir minnst þriggja ára viðmiðunartímabil			
Allar áætlanir um að stofna dótturfélög og opna útibú og staðsetning þeirra			
Lýsing á atvinnustarfsemi sem verðbréfamiðstöð sem sækir um hyggst stunda, þ.m.t. starfsemi allra dótturfélaga eða útibúa hennar			

Liggja ofangreindar sögulegar fjárhagsupplýsingar ekki fyrir skal starfsleyfisumsóknin hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar um verðbréfamiðstöðina sem sækir um:

Gögn sem sýna fram á nægjanlegt fjármagn í sex mánuði eftir að starfsleyfi er veitt			
Árshlutareikningsskil ef reikningsskil umbeðins tímabils liggja ekki enn fyrir			
Yfirlit um fjárhagsstöðu verðbréfamiðstöðvar sem sækir um, s.s. efnahagsreikning, rekstrarreikning, breytingar á eigin fé og sjóðstreymi og samantekt á reikningsskilaaðferðum og öðrum skýringum sem máli skipta			
Eftir atvikum, endurskoðaðan ársreikning móðurfélags, sé um það að ræða, fyrir þrjú næstliðin fjárhagsár fyrir umsóknardaginn			

Lýsingu á fullnægjandi endurreisnaráætlun þ.m.t.:

Samantekt sem veitir yfirlit yfir áætlunina og framkvæmd hennar			
---	--	--	--

Umfang upplýsinga sem leggja skal fram í samræmi við sértekur kröfur í framseldu gerðinni í tengslum við tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina upplýsingar í starfsleyfisumsóknum verðbréfamiðstöðva og samþykktir eru skv. 9. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014	Einkvæmt tilvísunarnúmer skjals	Titill skjals	Kafli, hluti eða blaðsíða skjals þar sem upplýsingar eru veittar eða ástæða þess að upplýsingar eru ekki veittar
Tilgreiningu á mikilvægustu starfsemi verðbréfamiðstöðvar sem sækir um, álagssviðsmyndum og atburðum sem hrinda af stað endurreisn, og ítarlega lýsingu á endurreisnartækjum sem hún mun nota			
Upplýsingar um mat á áhrifum endurreisnaráætlunar á ýmsa hagsmunaaðila sem líklegt er að verði fyrir áhrifum af framkvæmd hennar			
Mat verðbréfamiðstöðvar sem sækir um á lagalegum framfylgjanleika endurreisnaráætlunarinnar að tilliti teknu til lagalegra takmarkana sem löggjöf Sambandsins, innlend löggjöf eða löggjöf þriðja hefur í för með sér			

C. Skipulagskröfur (Ákvæði 9.–17. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/392)

Skipurit (Ákvæði 9. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/392)

Deili á og verksvið þeirra einstaklinga sem gegna eftirfarandi stöðum: i. sitja í framkvæmdastjórn, ii. eru yfirmenn rekstrareininga, iii. eru yfirmenn útibúa verðbréfamiðstöðvar sem sækir um, iv. gegna öðrum mikilvægum stöðum innan verðbréfamiðstöðvar sem sækir um.			
Fjöldi starfsmanna í hverri deild og starfseiningu			

Starfsmannatengdar stefnur og verklagsreglur (Ákvæði 10. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/392)

Lýsing á starfskjarastefnu, þ.m.t. upplýsingar um fasta og breytilega þætti starfskjara framkvæmdastjórnar, stjórnarmanna og starfsmanna í áhættustýringu, regluvörslu og innra eftirliti, tæknieiningum og innri endurskoðun verðbréfamiðstöðvar sem sækir um			
Ráðstafanir sem verðbréfamiðstöðin sem sækir um gerir til að draga úr áhættu sem tengist því að reiða sig um of á einstaka starfsmenn			

Áhættueftirlitstæki og stjórnarhættir (Ákvæði 11. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/392)

Lýsing á þáttum stjórnarháttá verðbréfamiðstöðvar sem sækir um			
--	--	--	--

Umfang upplýsinga sem leggja skal fram í samræmi við sértækar kröfur í framseldu gerðinni í tengslum við tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina upplýsingar í starfsleyfisumsóknum verðbréfamiðstöðva og samþykktir eru skv. 9. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014	Einkvæmt tilvísunarnúmer skjals	Titill skjals	Kafli, hluti eða blaðsíða skjals þar sem upplýsingar eru veittar eða ástæða þess að upplýsingar eru ekki veittar
Stefnur, verklagsreglur og kerfi sem eru notuð til að greina, mæla, vakta, stýra og tilkynna um áhættu sem verðbréfamiðstöðin sem sækir um kann að verða útsett fyrir og áhættu sem hún veldur öðrum aðilum			
Lýsing á samsetningu, hlutverki og ábyrgð þeirra sem sitja í stjórn, framkvæmdastjórn og hvers konar nefndum sem komið er á fót í samræmi við framselda reglugerð (ESB) 2017/392			
Lýsing á ferlum við val, ráðningar, frammistöðumat og brottvikningu þeirra sem sitja í framkvæmdastjórn og stjórn			
Lýsing á verklagi sem verðbréfamiðstöð sem sækir um notar við að gera upplýsingar um stjórnarhætti sína og reglur um starfsemi sína aðgengilegar almenningi			

Ef verðbréfamiðstöð sem sækir um fylgir viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja:

Tilgreining á leiðbeiningunum (afrit þeirra)			
Útskýring á aðstæðum þegar verðbréfamiðstöð sem sækir um vísar frá leiðbeiningunum			

Regluvarsla, innra eftirlit og innri endurskoðun (Ákvæði 12. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/392)

Lýsing á verklagi innanhússtilkynninga um brot sem um getur í 5. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014			
--	--	--	--

Upplýsingar um stefnur og verklagsreglur um innri endurskoðun þ.m.t. eftirfarandi:

Lýsingu á tækjum til eftirlits og mats á því hvort innri endurskoðunarkerfi verðbréfamiðstöðvar sem sækir um séu fullnægjandi og skilvirk			
Lýsingu á eftirlits- og verndartækjum fyrir upplýsingavinnslukerfi verðbréfamiðstöðvar sem sækir um			
Útskýringu á þróun og beitingu aðferða við innri endurskoðun hjá henni			
Þriggja ára vinnuáætlun frá umsóknardegi.			
Lýsingu á hlutverki, menntun og hæfi hvers einstaklings sem ber ábyrgð á innri endurskoðun			

Umfang upplýsinga sem leggja skal fram í samræmi við sértækar kröfur í framseldu gerðinni í tengslum við tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina upplýsingar í starfsleyfisumsóknum verðbréfamistöðva og samþykktir eru skv. 9. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014	Einkvæmt tilvísunarnúmer skjals	Titill skjals	Kafli, hluti eða blaðsíða skjals þar sem upplýsingar eru veittar eða ástæða þess að upplýsingar eru ekki veittar
---	---------------------------------	---------------	--

Umsókn um starfsleyfi skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar um regluvörslu og innra eftirlit verðbréfamistöðvar sem sækir um:

Lýsingu á hlutverki, menntun og hæfi einstaklinga sem bera ábyrgð á regluvörslu og innra eftirliti og annars starfsfólks sem koma að mati á hlítni, þ.m.t. lýsingu á aðferðum til að tryggja sjálfstæði regluvörslu og innra eftirlits frá öðrum rekstrareiningum			
Stefnur og verklag regluvörslu og innra eftirlits, þ.m.t. lýsingu á regluvörsluhlutverki stjórnar og framkvæmdastjórnar			
Liggi hún fyrir, nýjustu innri skýrslu sem samin er af þeim einstaklingum bera ábyrgð á regluvörslu og innra eftirliti eða af öðrum starfsmönnum sem koma að mati á hlítni innan verðbréfamistöðvarinnar sem sækir um.			

Framkvæmdastjórn, stjórn og hluthafar (Ákvæði 13. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/392)

Veita skal eftirfarandi upplýsingar um hvern þann sem situr í framkvæmdastjórn eða stjórn:

Afrit af ferilskrá sem skýrir frá reynslu og þekkingu viðkomandi			
Upplýsingar um hvers konar refs- og stjórnsýsluviðurlög sem viðkomandi hefur verið beittur í tengslum við veitingu fjármála- eða gagnþjónustu eða í tengslum við svik eða óréttmæta tileinkun fjármuna, í formi viðeigandi opinbers vottorðs sé það fánlegt í viðkomandi aðildarríki,			
Eigin yfirlýsing um óflekkað mannorð að því er varðar veitingu fjármála- eða gagnþjónustu, þ.m.t. allar yfirlýsingar sem vísað er til í c-lið 1. mgr. 13. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/392			

Upplýsingar um stjórn verðbréfamistöðvar sem sækir um

Gögn sem sýna fram á hlítni við 2. mgr. 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 909/2014			
Lýsing á hlutverki og ábyrgð stjórnar			

Upplýsingar um fyrirkomulag eignarhalds og hluthafa verðbréfamistöðvar sem sækir um

Lýsing á fyrirkomulagi eignarhalds verðbréfamistöðvar sem sækir um, þ.m.t. auðkenning og stærð eignarhluta hvers aðila sem er í stöðu til að hafa yfiráð yfir starfsemi verðbréfamistöðvar sem sækir um			
---	--	--	--

Umfang upplýsinga sem leggja skal fram í samræmi við sértaekar kröfur í framseldu gerðinni í tengslum við tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina upplýsingar í starfsleyfissóknnum verðbréfamiðstöðva og samþykktir eru skv. 9. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014	Einkvæmt tilvísunarnúmer skjals	Titill skjals	Kafla, hluti eða blaðsíða skjals þar sem upplýsingar eru veittar eða ástæða þess að upplýsingar eru ekki veittar
Lista yfir hluthafa og aðila sem eru í stöðu til að hafa bein eða óbein yfirráð yfir stjórnun verðbréfamiðstöðvarinnar sem sækir um.			

Meðferð hagsmunaárekstra (Ákvæði 14. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/392)

Stefnur og verklagsreglur sem settar eru svo að verðbréfamiðstöð sem sækir um geti greint og meðhöndlað hugsanlega hagsmunaárekstra:

Lýsing á stefnum og verklagsreglum um greiningu, meðferð á og upplýsingagjöf til lögbærra yfirvalda um hugsanlega hagsmunaárekstra og um ferlið sem notað er til að tryggja að starfsfólk verðbréfamiðstöðvar sem sækir um sé upplýst um slíkar stefnur og verklagsreglur			
Lýsing á stjórnækjum og ráðstöfunum sem gerðar eru til að tryggja að þær kröfur sem um getur í a-lið 1. mgr. 14. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/392 um meðferð hagsmunaárekstra séu uppfylltar			
Lýsing á: i. hlutverki og ábyrgð lykilstarfsmanna, einkum ef þeir gegna einnig ábyrgðarhlutverki hjá öðrum aðilum, ii. fyrirkomulagi sem tryggir að einstaklingar sem eiga í varanlegum hagsmunaárekstri séu útilokaðir frá ákvörðunartökufærlum og viðtöku allra viðkomandi upplýsinga um þætti sem hinn varanlegi hagsmunaárekstur hefur áhrif á, iii. uppfærðri skrá yfir yfirstandandi hagsmunaárekstra þegar umsóknin er lögð fram og lýsing á meðferð slíkra hagsmunaárekstra.			
Sé verðbréfamiðstöð sem sækir um hluti af samstæðu skal skráin sem um getur í iii. undirlið c-liðar 1. mgr. 14. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/392 hafa að geyma lýsingu á: a) hagsmunaárekstrum sem stafa af öðrum fyrirtækjum innan samstæðunnar í tengslum við þjónustu sem verðbréfamiðstöðin sem sækir um veitir og b) ráðstöfunum sem gerðar eru til að meðhöndla þá hagsmunaárekstra.			

Trúnaður (Ákvæði 15. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/392)

Stefnur og verklagsreglur sem koma í veg fyrir óheimila notkun eða uppljóstrun trúnaðarupplýsinga eins og þær eru skilgreindar í 15. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/392			
---	--	--	--

Upplýsingar um aðgang starfsfólks að upplýsingum sem verðbréfamiðstöð sem sækir um býr yfir:

Innri verklagsreglur um heimildir til aðgangs að upplýsingum sem tryggja öruggan aðgang að gögnum			
---	--	--	--

Umfang upplýsinga sem leggja skal fram í samræmi við sértækar kröfur í framseldu gerðinni í tengslum við tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina upplýsingar í starfsleyfissóknnum verðbréfamiðstöðva og samþykktir eru skv. 9. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014	Einkvæmt tilvísunarnúmer skjals	Titill skjals	Kafli, hluti eða blaðsíða skjals þar sem upplýsingar eru veittar eða ástæða þess að upplýsingar eru ekki veittar
Lýsingu á öllum takmörkunum á notkun gagna af trúnaðar-ástandum			

Notendanefnd (Ákvæði 16. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/392)

Skjöl eða upplýsingar um hverja notendanefnd:

Umboð notendanefndar			
Stjórnarhættir notendanefndar			
Starfsreglur notendanefndar			
Aðgangsviðmið og tilhögun við kjör nefndarmanna í notendanefnd			
Listi yfir tillögur um nefndarmenn notendanefndar og upplýsingar um hagsmuni sem þeir eru fulltrúar fyrir			

Skráahald (Ákvæði 17. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/392)

